



Fram til sjálfbærrar hreindýra- og sauðfjárbeitar á Norðurlöndunum

Beit getur ýmist haft neikvæð eða jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, allt eftir tegund og fjölda búfjárins, eðli og framleiðni lífvistanna þar sem búféð er á beit, magni beitarinnar og árstíðabundnum skilyrðum.

Á Norðurlöndunum er hreindýra- og sauðfjárbeit algengust í náttúrulegum högum. Beit hefur að mörgu leyti áhrif á staðbundin vistkerfi. Heilu plöntusamfélögin geta mótast upp á nýtt og gróður orðið fyrir skaða eða þurrkast algjörlega út þar sem beit hefur verið mikil. Þetta eykur landrof og getur leitt til þess að jarðvegsþekja hverfi með öllu. Á hinn bóginn getur líffræðileg fjölbreytni notið góðs af hæfilegri beit, þar sem hún kemur í veg fyrir ofvöxt í högum. Norðurlöndin þurfa að tryggja að náttúrulegir hagar séu notaðir með sjálfbærum hætti þannig að líffræðileg fjölbreytni njóti ávinnings af því. Einnig verður að samþætta mismunandi afkomu og landnotkun.

Áhrif hreindýrabeitar á gróður

Líffræðileg fjölbreytni náttúrulegra beitalanda og Norðurlandanna í heild verður annars vegar fyrir áhrifum af minnkandi fjölbreytni og aukinni einsleitni gróðurs sem afleiðingu ofbeitar og á hinn bóginn af ofvexti í högum vegna ónógrar beitar. Tímabil þar sem skiptast á mikil og lítil beit ásamt hóflegu traðki skapa bestu skilyrðin fyrir margar kröfuharðar plöntur, svo framarlega sem tímabil mikillar beitar eru ekki of löng. Norðlægar lífvistir á heiðum eru sérstaklega viðkvæmar fyrir mikilli beit, enda einkennast þær af erfiðum veðurfarsskilyrðum, þunnum jarðvegi, hægri jarðvegsmyndun, miklu landrofi af völdum vinds og vatns, lítilli gróðurframleiðni og víða einnig mjög bröttu landslagi.

Á veturna reiða hreindýr sig fyrst og fremst á auðmeltar skófir, fléttur, grös og dvergrunna til beitar en á sumrin nærast þau mest á blómjurtum og laufum. Ofbeit hefur valdið útbreiðslu plantna sem hreindýrin sniðganga vegna ómeltanleika þeirra, eins og harðgerðari grasa, blómjurtar, stara og mosa. Ef dýrin geta ekki fært sig í nýja haga verða þessar plöntur einnig étnar og það skilur eftir sig landskika sem eru gjörsneyddir gróðri og viðkvæmir fyrir landrofi. Hagar geta yfirleitt jafnað sig nokkuð fljótt þegar beitarálaginu linnir, nema hagar með skófum sem endurnýja sig aðeins á mjög löngum tíma.

Stærð hreindýrahjarða takmarkaðist áður fyrr aðallega af veðurskilyrðum og álagspoli haganna sem notaðir voru til beitar á veturna. Á snjóþungum tímabilum geta hreindýr soltið þegar þau ná ekki lengur í skófir. Hreindýrahirðar setja núna út súrhey og hey fyrir hreindýrin. Þessi vetrarfóðrun auk lyfjagjafar til hreindýra gegn snikjudýrum gerir hreindýrahirðum víða kleift að halda stærri hjarðir en náttúrulegir hagar gætu annars borið. Einnig hefur uppsetning girðinga til að takmarka umferð hreindýra leitt til staðbundinnar ofbeitar.




Súrhey og hey er sett út fyrir hreindýr í Finnlandi á veturna. Ljósmynd: Mauri Nieminen

Vilt hreindýr og sauðfé á Norðurlöndunum

Vilt hreindýr hafa lifað á Norðurlöndunum í meira en 10.000 ár, frá lokum ísaldar. Í norðurhluta Skandinavíu og Norður-Finlandi hafa íbúarnir rekið tamdar eða háltamdar hreindýrahjarðir síðan á 9. öld eða fyrr. Hreindýrabúskapur varð að raunverulegri atvinnugrein frá og með 17. öldinni. Hreindýr eru nú á beit á norðlægum svæðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands í náttúrulegum högum, einkum í skógum og á skóglausum heiðum.

Sauðfjárrækt er stunduð alls staðar á Norðurlöndunum en ofbeit í náttúrulegum högum er eingöngu vandamál í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Sauðfé var fyrst flutt til þessara eyja af víkingum á 9. og 10. öld.

VANTAR ÞÝÐINGU



Svæði með skófabekju í Finnmark hafa stækkað aðeins á 1. áratug þessarar aldar. Heimild: Norut As

Í héraðinu Finnmark í Noregi er mikið af hreindýrum. Á sumrin eru hreindýrin á beit í högum við ströndina en vetrarhagarnir eru hærra uppi á heiðum inni í landi. Vetrarhagar Finnmerkur voru í góðu ásigkomulagi þar til á 9. áratug síðustu aldar, en síðan hafa þeir þurft að þola alvarlega ofbeit. Eftir fækkun hreindýra á hjarðtímabilinu 2000–2001 hafa hjarðirnar stækkað á ný, þó að umfang skófahaga hafi einnig aukist á milli árunna 2000 og 2006, þegar síðustu gervihnattakannanir voru gerðar. Tiltölulegt snjóleysi undanfariinna vetra hefur gert hreindýrum kleift að afla sér fæðu á stærri svæðum. Eftir snjóþung tímabil þekjast neðri hlutar heiðasléttunnar djúpum snjó og vindbarin efri svæðin þar sem snjórin er minni geta orðið fyrir ofbeit við slík skilyrði. Þegar snjólagið helst þunnt á neðri svæðunum verða efri hlutar sléttunnar ekki fyrir jafnmiklu beitarálagi.

Sumarheit og traðk bitnar mjög illa á næringarríkustu högunum. Birki- og víðiþlöntum getur fækkað þar sem beit kemur í veg fyrir að þær endurnýji sig. Í gróskuminni heiðaskógum og á opnum svæðum getur sumarheit dregið alvarlega úr gróðurþekju, sérstaklega meðfram hreindýragirðingum. Í vetrarhögum sínum skemma hreindýrin eingöngu skófabekjuna á litlum blettum þar sem þau róta upp fæðu undan snjónum.

Hreindýrabúskaparsvæði Finnlands nær yfir u.þ.b. þriðjung landsins. Mikil beit er sumstaðar á heiðasvæðum Finnlands, bæði á sumrin og á veturna. Mikil beit á sömu svæðunum allan ársins hring hefur leitt til hnignunar seinsprottinna skófa, jafnvel þótt hreindýrin nærast aðallega á blómjurtum og laufum trjáa og runna á sumrin og bíti nánast aldrei skófir. Þetta er áhyggjuefni. Vöxtur skófa líður hins vegar greinilega meira í sumarhögum dýranna, að stórum hluta vegna traðks sem getur auðveldlega eytt viðkvæmri skófabekju þegar enginn snjór er á jörðinni. Skófahagar Finnlands hafa hnignað um langt skeið. Hagar endurnýjast aðeins vel á nokkrum svæðum vetrarhaga nyrst í Finnlandi. Á öðrum svæðum hefur annaðhvort gengið verulega á þá eða þeir endurnýja sig aðeins á löngum tíma.

Á heiðum í Norður-Svíþjóð var víða tilkynnt um landrof og skemmdir á gróðri á 10. áratug síðustu aldar. Nýlegri rannsóknir hafa leitt í ljós að skemmdir af völdum hreindýrabeitar og traðks sem stundum koma fram meðfram hreindýragirðingum ætti ekki að túlka sem almennt ástand á heiðasvæðum landsins. Aðstæður í Norður-Svíþjóð eru ekki hliðstæðar aðstæðum í Finnmark í Noregi eða Norður-Finnlandi, með tilliti til áhrifa mikillar hreindýrabeitar á þessum svæðum.

Áhrif sauðfjár á eyjar Norður-Atlantshafsins

Í Færeyjum er sauðfjárbeit umfram endurnýjunargetu gróðurs við núverandi veðurfarskilyrði. Ef sauðfjárbeit væri hætt gætu víðiþlöntur vaxið í Færeyjum, þar sem þær liggja sunnan við nyrðri mörk trjávaxtar. Á eyjunum bita í dag u.þ.b. 70.000 fullorðnar sauðkindur þar sem tveir hektarar eru á hverja sauðkind, sem er rétt innan ofbeitarmarkanna. Á sumrin er sauðféð á beit í náttúrulegum högum en á veturna einnig á ökrum og grasblettum í þorpum eyjanna.

Í versta falli getur mikil beit í sameiningu við veðurfarskilyrði valdið algerri gróðureyðingu og alvarlegu jarðvegsrofi. Svipuð vandamál eru á Íslandi og Grænlandi með gróðureyðingu í náttúrulegum högum og jarðvegsrofi í kjölfarið. Fylgst er með áhrifum sauðfjárbeitar á landrof í Færeyjum á eyjunum Straumey og Sandey, þar sem hagar eru afgirtir.

Á Íslandi fær sauðfé að ganga laust á beit á hverju sumri. Undanfarnir ár hefur þessi venja orsakað minni vistfræðilegan skaða en áður og ástæðan er sú að sauðfé á Íslandi hefur fækkað um helming síðastliðin 30 ár, sem hefur dregið gríðarlega úr beitarálagi. Náttúrulegir hagar hafa einnig notið góðs af stjórnsvaldsáðgerðum sem hvetja til sjálfbærrar nýtingar þeirra. Um 40% Íslands hafa orðið fyrir alvarlegu eða einstaklega alvarlegu landrofi. Auk þess er fjórðungur landsins til viðbótar farinn að verða fyrir áhrifum landrofs, þó að á þeim svæðum mætti enn snúa þessari þróun við með breytingum á landnotkun eða einföldum ráðstöfunum til að auka gróðurþekju. Ekki er vítað að hve miklu leyti þetta landrof stafar af útbreiddri ofbeit fyrr á tímum, þar sem náttúruleg ferli eins og landrof af völdum vinds og vatns hafa einnig leitt til núverandi ástands íslensks jarðvegar. Beit veldur enn auknu landrofi á sumum svæðum, þar sem enn bita næstum hálf milljón sauðkinda og 70.000 hestar í högum Íslands.

Á Suður-Grænlandi hófst atvinnusauðfjársýslun snemma á 20. öldinni með sauðfé sem flutt var inn frá Færeyjum og Íslandi. Í u.þ.b. 50 ár var sauðfé á beit í fjallahögum allt árið um kring og fjöldi þess var mjög sveiflukenndur vegna skorts á skjóli og fódri sem og óhentugra veðurfarskilyrða. Sauðfjársýslun á Grænlandi byggist í dag á sjálfbærum beitarvenjum. Sauðfé gengur eingöngu laust á beit á sumrin og er fóðrað innandyra yfir vetrarmánuðina. Fjöldi sauðkinda hefur náð jafnvægi í um 20.000 fullorðnum dýrum og jafnvel þótt staðbundin ofbeit eigi sér enn stað er talið að pláss sé fyrir tvöfalt fleiri sauðkindur á Suður-Grænlandi.


Heimildir er að finna á:
www.environment.fi/nordicnature>Fact sheets > Reindeer and sheep grazing.

Félagsleg áhrif beitar

Til að varðveita líffræðilega fjölbreytni er vistfræðilega sjálfbær hagnýting náttúruauðlinda nauðsynleg. Fjöldi þeirra dýra sem sett eru á beit ætti að vera í réttu hlutfalli við framleiðni og endurnýjunargetu haga til að varðveita líffræðilega fjölbreytni þeirra. Til að stuðla að endurheimt fyrri ástands náttúrulegra haga og auka líffræðilega fjölbreytni þeirra ætti að skipta oftar um haga og beina beittinni á svæði sem þola meira og svæði þar sem vöxtur er að verða of mikill. En ef loftslagið heldur áfram að breytast í samræmi við það sem nú gerist og bændur geta ekki breytt beitarvenjum þannig að þær haldist í hendur við þarfir hvers svæðis mun magn og fjöldi þeirra tegunda sem einkenna margar lífvistar heiðavistkerfis Norðurlandanna halda áfram að breytast.

Hreindýrabúskapur er eitt elsta hefðbundna lífsviðurværi þjóða Norðurlandanna og afkoma hans er nauðsynleg til að varðveita mikilvægan hluta menningarlegrar arfleifðar okkar. Þó verður að samræma bæði hreindýrabúskap og sauðfjársýslun annarri afkomu og landnotkun, þ. á m. náttúruvernd. Fækun beitar dýra er einnig félagslegt málefni sem hefur bein áhrif á afkomu hirða og bænda. Ef draga þarf umtalsvert úr hjarðbúskap og fjölda beitar dýra verður samfélagið að bjóða þessum hópum upp á annars konar leiðir til tekjuöflunar.

VANTAR ÞYÐINGU



Sauðfé á Íslandi hefur fækkað um helming á síðastliðnum 30 árum. Heimild: Hagstofa Íslands



Sauðfé gengur laust á beit í Færeyjum. Ljósmynd: Anna Maria Fosaa